

Sæl og blessuð Sylvía Karen

Hér að neðan er erindi til sveitarfélagsins um Bonn áskorunina.

Bonn áskorunin er alþjóðlegt átak um endurheimt skóga á stórum samfelldum svæðum eða landslags-heildum og er skipulagt af Alþjóða náttúruverndarsamtökunum (IUCN) í samstarfi við fleiri aðila. Stjórnvöld hafa sett Íslandi það markmið innan Bonn áskorunar að auka verulega þekju birkiskóga en hún er nú 1,5% af flatarmáli landsins.

Markmiðið byggist á því að skilgreina í skipulagi ákveðið flatarmál lands, þar sem stefnt er að því að endurheimta birkiskóga samhliða fjölbreyttri landnýtingu s.s. akuryrkju, ferðaþjónustu, nytjaskógrækt, loftslagsverkefnum af ýmsum toga sem og búfjárrækt. Fyrirmynd slíkra verkefna er t.a.m. Hekluskógaverkefnið þar sem auk endurheimtar birkiskóga fer fram fjölbreytt landnotkun og starfsemi. Verkefnið veitir landeigendum innan skilgreinds Bonn svæðis aukin tækifæri til þátttöku í endurheimt skóga, sér í lagi á svæðum þar sem gróður- og jarðvegseyðing hefur átt sér stað.

Unnið er út frá því að svæði í eigu eða umsjá ríkis og/eða sveitarfélaga geti myndað n.k. kjarna hvers svæðis og þar er unnt að hefja strax aðgerðir. Á meðfylgjandi korti sem fylgir hér að neðan má sjá yfirlit yfir þau svæði sem eru í umsjá Landgræðslunnar, staðsetningu og umfang birkiskóga, ræktaðra skóga og friðlýst svæði.

Lögð er rík áhersla á að verkefni séu unnin í samstarfi allra hagsmunaaðila og stuðli að bættu ástandi lands, að Ísland geti uppfyllt skuldbindingar sínar í loftslagsmálum og hafi hagræn áhrif á viðkomandi svæðum.


Nú þegar eru verkefni á svæðum í umsjá ríkisstofnana fjármögnuð af ríkinu en auknar fjárveitingar eru til loftslagsmála á næstum árum sem meðal annars yrði varið til þessa verkefnis. Lögð er áhersla á að verkefni stuðli að atvinnu í heimabyggð. Áhugi fyrirtækja á fjármögnun verkefna sem hafa loftslagsávinning í för með sér hefur aukist mikið á síðustu árum og mörg sveitarfélög vinna að markmiðum um loftslagsmál, s.s. að kolefnisjöfnun. Þetta verkefni styður slík verkefni.

Þegar Ísland tilkynnir um markmið sín innan Bonn áskorunarinnar þá verður það gert á grundvelli samkomulags við hlutaðeigandi sveitarfélög og aðra samstarfsaðila. Það er því óskað eftir afstöðu sveitarfélagsins til þátttöku í verkefninu, tillögum að svæðum umfram þau sem eru í umsjá ríkisstofnana og hvort og með hvaða hætti slík skilgreining gæti orðið hluti af skipulagi sveitarfélagsins.

Áformað er að Ísland geti kynnt markmið sín fyrri hluta sumarsins 2021. Markmið er að fá sem flest sveitarfélög til að taka þátt í verkefninu og væri æskilegt að afstaða sveitarfélagsins liggi fyrir í síðasta lagi 31. maí n.k.

Undirritaðir veita fúslega frekari upplýsingar og kynningu á verkefninu.

Virðingarfyllst f.h. Landgræðslunnar og Skógræktarinnar,
Hreinn Óskarsson, Skógræktinni hreinn@skogur.is s. 8991971
Gústav M. Ásbjörnsson, Landgræðslunni gustav@land.is s. 8630127



Skeiða- og Gnúpverjaheppur
neðan 600 m h.y.s.




Landgræðslan, EFP apríl 2021 / Grunnmynd MAXAR © LMÍ



HREINN ÓSKARSSON PhD
Sviðstjóri þjóðskóga / Head of National Forests
Skógræktin / Icelandic Forest Service
Austurvegi 3-5, is-800 Selfossi, Iceland
(+354) 470 2000 / GSM (+354) 899 1971
hreinn@skogur.is - www.skogur.is